

Fyrirspurn

til mennta- og menningarmálaráðherra um þriðja mál í framhaldsskólum.

Frá Jóhönnu Maríu Sigmundsdóttur.

1. Hve mörgum einingum í þriðja erlenda máli þarf nemandi í framhaldsskóla að ljúka að lágmarki fyrir stúdentspróf?
2. Hver eru rökkin fyrir því að leggja þurfi stund á þriðja mál til að öðlast stúdentspróf?
3. Hefur komið til umræðu að nemendur megi taka tvöfalt fleiri einingar í Norðurlandamáli (t.d. í dönsku) heldur en námskrá segir til um í stað þess að taka þriðja mál til stúdentsprófs?
4. Má nemandi í framhaldsskóla taka tvö Norðurlandamál (t.d. dönsku og norsku) til stúdentsprófs og fá annað þeirra metið sem þriðja mál?
5. Hver eru rökkin fyrir því að nemendur, sem stunda iðnnám á framhaldsskólastigi, sleppi þriðja máli eða ljúki færri einingum í því heldur en nemendur á bóknámsbraut?

Skriflegt svar óskast.